

Mættir: Ágúst Jakobsson skólastj, Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólastj, Rósa Lilja Thorarensen og Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Anna María Daníelsdóttir fltr. starfsf., Karólína Stefánsdóttir og Jóna Rósa Stefánsdóttir fltr. foreldra.

Dagskrá og afgreiðslur:

Skólastarf á Covid tímum

Takmarkanir í gangi síðustu þrjár vikurnar, t.d. að fjölval og morgunsamverur falla niður, sjálfsafgreiðsla í matsal afnumin, útikennsla í stað sundkennslu, starfsfólk skiptir sér á svæði í kaffitímum o.fl. Starfið hefur þó gengið vel og starfsfólk leggur sig fram við að laga sig að aðstæðum, gengur í þau verk sem þarf að leysa, sumir árgangar bjóða upp á “mini-fjölval” o.s.frv. Smá þreyta í sumum nemendum vegna þessa, sumir sakna fjölvals og samstunda, bið í matsal aðeins lengri en venjulega o.fl. en í heildina tekið furðu gott ástand þrátt fyrir takmarkanir og töluverð forföll starfsfólks vegna sóttkvía hér og þar.

Starfsáætlun/fundaáætlun skólaráðs.

Lögð fram hugmynd að starfsáætlun fyrir skólaráð skv. starfsreglum þess. Svohljóðandi starfsáætlun fyrir veturinn samþykkt:

- 16. september 2020. Fundatími og starfsáætlun skólaráðs. Starfsáætlun skólans fyrir skólaárið.
- 20. október 2020. Starfsáætlun skólaráðs. Starfsáætlun leikskóladeildar. Tilhögun námsmats. Upplýsingamiðlun. Samstarf heimila og skóla. Fjárhagsáætlun.
- 9. desember 2020. Niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Skólanámskrá. Persónuverndarmál.
- 20. janúar 2021. Sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendafélags. Málefni nemenda. Skólareglur. Skóladagatal.
- 10. febrúar 2021. Húsnæðis- og lóðamál. Stundaskrárrammi og skipulag næsta vetrar. Forvarna- og viðbragðsáætlanir.
- 16. mars 2021. Opinn fundur skólaráðs um málefni skólans.
- 14. apríl 2021. Niðurstöður kannana. Námsmat. Viðmiðunarstundaskrá.
- 19. maí 2021. Fyrirkomulag næsta skólaárs. Starfsáætlun. Ársskýrsla.

Starfsáætlun leikskóladeildar

Fyrir fundinn fengu fulltrúar senda starfsáætlun og matsáætlun leikskóladeildarinnar fyrir skólaárið. Dagsskipulag kynnt og rætt, þótti fjölbreytt og spennandi. Skólaráð leggur blessun sína yfir plöggin en skólastjóri biður um að fulltrúar komi með ábendingar og hugmyndir eftir atvikum.

Tilhögun námsmats

Stutt kynning á fyrirhuguðum breytingum sem eru í takt við aðalnámskrá grunnskóla. Stefnum á að fara að nota hæfniviðmið í aðalnámskránni til mats. Byrjum á að meta stærðfræðina skv. hæfniviðmiðum, að öðru leyti verður námsmatið svipað þetta skólaár og hingað til, nema í 4. bekk sem stígur aðeins stærra skref varðandi mat á hæfniviðmiðum.

Upplýsingamiðlun og samstarf heimila og skóla.

Umræður um upplýsingamiðlun frá skólanum. Ánægja með fréttabréf frá skólanum, bæði mánaðarlegu fréttabréfin og vikulegu fréttapósta umsjónarkennara. Fulltrúar beðnir að vera vakandi fyrir og láta vita ef eitthvað mætti gera betur varðandi upplýsingamiðlun.

Bekkjarfulltrúar eru komnir víðast hvar, vantar í tveimur árgöngum. Foreldrastarf hins vegar í óvissu vegna covid og vantar leiðbeiningar um hvað má og hvað má ekki í þeim efnum. Skólastjóri mun boða til fjarfundar með bekkjarfulltrúum til að ræða málin.

Fjárhagsáætlun

Unnið er að gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Vegna ástandsins í samfélaginu er sparnaðarhljóð í gangi almennt en vonir standa til að skólarnir sleppi við niðurskurð. Við höfum hins vegar fengið þau tilmæli að draga úr kennslumagni í 1.-4. bekk og fara frá og með næsta hausti að kenna 30 kennslustundir á viku (eins og viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir) en ekki 32,5 stundir eins og núna og undanfarin ár. Það tímaviðmið er arfur frá gamalli tíð en nær allir skólar bæjarins eru núna komnir niður í 30 stundir og úthlutun kennslustunda til skólanna tekur mið af því.

Endurskoðun skólanámskrár

Stjórnendur eru að vinna að heildarendurskoðun á uppsetningu og að nokkru leyti innihaldi skólanámskrár. Markmiðið er að einfalda plöggin aðeins og fækka þeim ritum sem teljast til skólanámskrár. Stefnt að því að senda drög að endurskoðaðri skólanámskrá til fulltrúa til skoðunar fyrir næsta fund.

Önnur mál

Upplýsingamiðlun til foreldrafulltrúa – til að halda fulltrúum foreldra í skólaráði sem best upplýstum um það sem fram fer innan skólans mun skólastjóri héðan í frá senda þeim afrit af vikulegum póstum til starfsfólks.

Næsti fundur er áformaður 9. desember